

## Skammtímadvöl

Skammtímadvöl fyrir börn upp að 16 ára aldri er þeim að kostnaðarlausu. Notendur standa straum af kostnaði vegna frístunda og ferða á meðan skammtímadvöl stendur.

## Sólbrekka þjálfunarheimili / skammtímadvöl

- Í Sólbrekku er skammtímadvöl 16. ára og eldri. Notendur eldri 18. ára og eldri greiða fyrir fæði á meðan á dvöl stendur. Greitt er 750 krónur pr. sólarhring. Notendur standa straum af kostnaði vegna frístunda og ferða á meðan skammtímadvöl stendur. Þegar ungmenni hefur fengið samþykka skammtímadvöl er gerður Þjónustusamningur sem lýsir þörfum fyrir þjónustu, er einstaklingsmiðaður og inniheldur meðal annars upplýsingar um skipulag þ.e. fjölda sólarhringa í mánuði og framkvæmd þjónustunnar. Heildarfjöldi sólarhringa er allt að 7 sólarhringar í mánuði auk sumarvistunar. Einnig er reynt að koma til móts við sérstakar aðstæður sem geta skapast tímabundið. Reglubundin skammtímadvöl er alltaf hluti af einstaklingsbundnum þjónustusamningi.
- Í Sólbrekku neðri hæð er heimavistarúrræði fyrir fötluð ungmenni úr örðum sveitarfélögum sem stunda nám á starfsbraut. Gerður er búsetusamningur þar sem ungmenni legir herbergi. Leigan miðast við neysluvísitölu í ágúst 2020 sem var 481,2 stig. Leigan tekur breytingum 4 sinnum á ári með breytingu nvt. í febrúar, maí, ágúst og nóvember. Leigan miðast við kr. 1.067 kr á fermeter + 17.763 krónur fyrir hlut leigjanda í sameign. Einstaklingur greiðir matarkostnað 1.750 kr. pr. dag. Foreldrar/forsjáraðilar geta sótt um sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga vegna 15- 17 ára barna.
- Þegar einstaklingur er orðin 18 ára getur viðkomandi óskað eftir búsetu í Sólbrekku á meðan beðið er eftir öðru búsetuúrræði. Þ.e. í sjálfstæðri búsetu eða í íbúðarkjarna. Þegar viðkomandi óskar eftir búsetu í sólbrekku er það í samvinnu við persónulegan talsmann og um þjálfunarbúsetu að ræða. Þar er gerður einstaklingsmiðaður þjónustu samningur við viðkomandi sem er valdeflandi og styður sjálfstæði hvers og eins. Í einstaka tilvikum er gerð undanþága það er að heimila yngri einstaklingum 16 til 18 ára að sækja um slíkt búsetuúrræði er það í samráði við forsjáraðila, er þá búsetan hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun.

Gerður er búsetusamningur þar sem einstaklingur legir herbergi. Leigan miðast við neysluvísitölu í ágúst 2020 sem var 481,2 stig. Leigan tekur breytingum 4 sinnum á ári með breytingu nvt. í febrúar, maí, ágúst og nóvember. Leigan miðast við kr. 1.067 kr á fermeter + 17.763 krónur fyrir hlut leigjanda í sameign. Einstaklingur greiðir matarkostnað 1.750 kr. pr. dag.

Einstaklingar geta sótt um húsaleigubætur og foreldrar/forsjáraðilar geta sótt um sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga vegna 15- 17 ára barna.